

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2006/115/EB

2009/EES/25/37

frá 12. desember 2006

um leigu- og útlánsrétt og önnur tiltekin réttindi, tengd höfundarrétti, á sviði hugverkaréttar (*)

(kerfisbundin útgáfa)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagins, einkum 47. gr. (2. mgr.), 55. gr. og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽¹⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun ráðsins 92/100/EBE frá 19. nóvember 1992 um leigu- og útlánsrétt og önnur réttindi tengd höfundarrétti á sviði hugverkaréttar ⁽²⁾ hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ⁽³⁾. Til glöggvunar og hagræðingar skal kerfisbinda tilskipunina.
- 2) Leiga og útlán á verkum sem njóta höfundarréttar og efni sem nýtur skyldrar verndar skiptir stöðugt meira máli, einkum fyrir höfunda, listflytjendur og framleiðendur hljóðrita og kvikmynda. Hætta á ólöglegri nýtingu er sífellt að aukast.
- 3) Því má líta svo á að það hafi grundvallarþýðingu fyrir efnahags- og menningarþróun í Bandalaginu að vernda á fullnægjandi hátt verk sem njóta höfundarréttar og efni sem nýtur skyldrar verndar með leigu- og útlánsrétti, og vernda einnig efni sem nýtur skyldrar verndar með rétti til upptöku, dreifingar, útsendingar og miðlunar til almennings.
- 4) Nauðsynlegt er að aðlaga vernd, sem veitt er vegna höfundarréttar og skylds réttar, að breyttum efnahagsaðstæðum, s.s. nýjum nýtingar-möguleikum.

5) Til þess að höfundar og listflytjendur geti unnið áfram að skapandi og listrænu starfi er nauðsynlegt að tryggja þeim nægilegar tekjur af skapandi og listrænu framlagi sínu; einnig er nauðsynleg fjárfesting, einkum vegna framleiðslu hljóðrita og kvikmynda, mjög mikil og áhættusöm. Einungis er unnt að tryggja listamönnum þessar tekjur, og að slík fjárfesting skili sér til baka, með því að veita rétthöfum, sem í hlut eiga, nægilega lögvernd.

6) Við þessi skapandi, listrænu og sjálfstæðu störf vinna að miklu leyti einstaklingar með sjálfstæðan atvinnurekstur. Nauðsynlegt er að auðvelda slíka starfsemi með því að veita samhæfða lögvernd innan Bandalagsins. Þar eð þessi atvinnurekstur er fyrst og fremst þjónustustarfsemi skal einnig koma á samhæfðri rammalöggjöf um hana í Bandalaginu til að auðveldara sé að veita hana.

7) Samræma ber löggjöf aðildarríkja á þann hátt að ekki brjóti í bága við alþjóðlega sáttmála sem lög margra aðildarríkja um höfundarrétt og skyld réttindi byggjast á.

8) Takmarka má rammalöggjöf Bandalagsins um leigu- og útlánsrétt og önnur tiltekin réttindi tengd höfundarrétti við það að aðildarríki kveði á um leigu- og útlánsrétt tiltekinna rétthafa og, enn fremur, við að mæla fyrir um rétt tiltekinna rétthafa á sviði upptöku, dreifingar, útsendingar og miðlunar til almennings að því er varðar efni sem nýtur skyldrar verndar.

9) Nauðsynlegt er að skilgreina hugtökin leigu og útlán að því er þessa tilskipun varðar.

10) Til að skýra málið frekar er æskilegt að hugtökin leiga og útlán í skilningi þessarar tilskipunar nái ekki til ýmissa notkunarmöguleika, eins og t.d. notkunar hljóðrita eða kvikmynda til opinbers flutnings eða útsendingar, sýningar eða notkunar sem heimildir á staðnum. Í þessari tilskipun nær orðið útlán ekki til lána milli stofnana sem almenningur hefur aðgang að.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2007 frá 8. júní 2007 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 48, 11.10.2007, p. 13.

⁽¹⁾ Álit Evrópuþingsins frá 12. október 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 346, 27.11.1992, bls. 61. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB (Stjtið. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10).

⁽³⁾ Sjá A-hluta I. viðauka.

11) Hafi útlán stofnunar, sem almenningur hefur aðgang að, í för með sér greiðslu fjárhæðar, sem ekki er hærrí en nemur rekstrarkostnaði stofnunarinnar, er hvorki um að ræða beinan né óbeinan fjárhagslegan eða viðskiptalegan ávinning í skilningi þessarar tilskipunar.

12) Nauðsynlegt er að taka upp fyrirkomulag sem tryggir höfundum og listflytjendum sanngjarna þóknun, sem þeir geta ekki afsalað sér, og skulu þeir geta falið innheimtusamtökum, sem koma fram fyrir þeirra hönd, að sækja þennan rétt.

13) Greiða má slíka sanngjarna þóknun með einni greiðslu eða fleiri hvenær sem er þegar eða eftir að samningur er gerður. Þegar þessi þóknun er ákveðin skal taka tillit til mikilvægis framlags viðkomandi höfunda og listflytjenda við gerð hljóðrita eða kvikmyndar.

14) Einnig er nauðsynlegt, með sérstöku fyrirkomulagi, að vernda a.m.k. rétt höfunda við útlán til almennings. Allar ráðstafanir, sem gerðar eru til að víkja frá einkaréttinum til útlána til almennings, skulu þó vera í samræmi við sáttmálann, einkum 12. gr. hans.

15) Ákvæðin, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, um réttindi tengd höfundarrétti skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin auki löglíkur þess, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, til að ná til þessa einkaréttar, að því er varðar samninga um framleiðslu á kvikmynd sem eru gerðir milli framleiðanda og listflytjenda, við hvern um sig eða sameiginlega. Enn fremur skulu þessi ákvæði heldur ekki standa í vegi fyrir því að aðildarríkin geti kveðið á um möguleika til að andmæla því að með samningi hafi listflytjandi afsalað sér sjálfkrafa réttinum til að nýta sér þann einkarétt sem kveðið er á um í viðkomandi ákvæðum þessarar tilskipunar, að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við ákvæði Alþjóðasamningsins um vernd listflytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarpsstofnana (hér eftir nefndur Rómarsamningurinn).

16) Aðildarríkin skulu geta kveðið á um umfangsmeiri vernd til handa rétt höfum vegna höfundarréttar en krafist er samkvæmt ákvæðunum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, að því er varðar útsendingar og miðlun til almennings.

17) Óheimilt er að beita ákvæðum um samhæfðan leigu- og útlánsrétt og samhæfða vernd sem tengjast höfundarrétti til að takmarka í raun viðskipti milli aðildarríkja eða á þann hátt sem stangast á við regluna um tímaröðun á nýtingu miðla, sem viðurkennd var í úrskurðinum í máli Société Cinéthèque gegn FNCF⁽¹⁾.

18) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar, sem eru tilgreindar í B-hluta I. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

RÉTTUR TIL LEIGU OG ÚTLÁNA

1. gr.

Tilgangur með samhæfingu

1. Í samræmi við ákvæði þessa kafla skulu aðildarríkin kveða á um, með fyrirvara um 6. gr., rétt til að heimila eða banna leigu og útlán á frumverkum eða afritunum af verkum sem njóta höfundarréttar og öðru efni sem nýtur skyldrar verndar, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 3. gr.

2. Rétturinn, sem um getur í 1. mgr., tæmist ekki þótt frumverk eða afritanir af verkum, sem njóta höfundarréttar og annað efni sem nýtur skyldrar verndar séu seld eða dreift með öðru móti, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 3. gr.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „leiga“: afnot af verki um takmarkaðan tíma beint eða óbeint í ábata- eða viðskiptaskyni,
- b) „útlán“: afnot af verki um takmarkaðan tíma en ekki beint eða óbeint í ábata- eða viðskiptaskyni í gegnum stofnanir sem almenningur hefur aðgang að,
- c) „kvikmynd“: kvikmyndaverk, hljóð- og myndmiðlaverk eða hreyfimyndir, með eða án hljóðs.

2. Aðalstjórnandi kvikmyndaverks eða hljóð- og myndmiðlaverks telst vera höfundur eða einn af höfundum þess. Aðildarríkjum skal vera frjálst að tilnefna aðra meðhöfunda.

3. gr.

Réttthafar og efni sem heyrir undir leigu- eða útlánsrétt

1. Einkaréttur til að heimila eða banna leigu eða útlán tilheyrir:

- a) höfundi, þegar um er að ræða frumverk og afritanir af frumverki hans,

⁽¹⁾ Sameinuð mál 60/84 og 61/84 [1985] dómasafn 2 605.

- b) listflytjanda, þegar um er að ræða upptöku á flutningi hans,
- c) framleiðanda hljóðrita, þegar um er að ræða hljóðritanir hans,
- d) framleiðanda, þegar um er að ræða frumkvikmyndaverk hans og afritanir af því.

2. Tilskipun þessi nær ekki til leigu- og útlánsréttar sem tengist byggingum eða nytjalist.

3. Heimilt er að yfirfæra eða framselja til annarra þau réttindi sem um getur í 1. mgr. eða semja um nýjtaleyfi.

4. Með fyrirvara um 6. mgr. skal, þegar samningur um framleiðslu á kvikmynd er gerður milli framleiðanda og listflytjanda við hvern um sig eða sameiginlega, líta svo á að listflytjandi, sem samningurinn nær til, hafi yfirfært leigurétt sinn, sbr. þó 5. gr.

5. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um svipað álit og mælt er fyrir um í 4. mgr. að því er varðar höfunda.

6. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að undirritun samnings um framleiðslu á kvikmynd milli listflytjanda og framleiðanda feli í sér leyfi til leigu, að því tilskildu þó að í slíkum samningi sé kveðið á um sanngjarna þóknun í skilningi 5. gr.

Þá er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um að málsgrein þessi gildi að breyttu breytanda um réttindi sem ákvæði í II. kafla ná til.

4. gr.

Leiga á tölvuforritum

Tilskipun þessi er með fyrirvara um c-lið 4. gr. tilskipunar ráðsins 91/250/EBE frá 14. maí 1991 um lögvernd fyrir tölvuforrit⁽¹⁾.

5. gr.

Réttur til sanngjarnrar þóknunar sem ekki er hægt að afsala sér

1. Hafí höfundur eða listflytjandi yfirfært eða framselt leigurétt sinn vegna hljóðrits eða frumkvikmyndaverks eða afritana af kvikmynd til framleiðanda hljóðritunar eða kvikmyndar skal hann engu að síður halda rétti sínum til sanngjarnrar þóknunar fyrir leiguna.

2. Hvorki höfundar né listflytjendur geta afsalað sér réttinum til sanngjarnrar þóknunar.

3. Heimilt er að láta innheimtusamtök höfunda eða listflytjenda sjá um að sækja réttinn til sanngjarnrar þóknunar.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um hvort og að hve miklu leyti innheimtusamtök bera ábyrgð á að sækja réttinn til sanngjarnrar þóknunar og einnig hvern má krefja um þóknunina eða innheimta hana hjá.

6. gr.

Frávik frá einkaréttinum til útlána til almennings

1. Aðildarríkjunum er heimilt að víkja frá ákvæðum um einkarétt til útlána til almennings, sem kveðið er á um í 1. gr., að því tilskildu að a.m.k. höfundar fái þóknun vegna slíkra útlána. Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða þóknunina með hliðsjón af markmiðum þeirra til stuðnings menningarstarfsemi.

2. Beiti aðildarríkin ekki einkaréttinum til útlána, sem kveðið er á um í 1. gr., gagnvart hljóðritum, kvikmyndum og tölvuforritum skulu þau a.m.k. mæla fyrir um þóknun höfundum til handa.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að undanþiggja tilteknar stofnanir frá þeirri skyldu að greiða þóknunina sem um getur í 1. og 2. mgr.

II. KAFLI

RÉTTINDI SKYLD HÖFUNDARRÉTTI

7. gr.

Réttur til upptöku

1. Aðildarríkin skulu kveða á um einkarétt til handa listflytjendum til að heimila eða banna upptöku á flutningi þeirra.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um einkarétt til handa útvarpsstofnunum til að heimila eða banna upptöku á útsendingum þeirra, án tillits til þess hvort sent er út í gegnum þráð eða þráðlaust, þ.m.t. útsendingar um kapal eða gervihnött.

3. Dreifandi efnis um kapal nýtur ekki réttar sem kveðið er á um í 2. mgr. ef hann endurvarpar einungis um kapal útsendingum útvarpsstofnana.

8. gr.

Útsendingar og miðlun til almennings

1. Aðildarríkin skulu kveða á um einkarétt til handa listflytjendum til að heimila eða banna þráðlausa útsendingu og miðlun á flutningi þeirra til almennings, nema þegar viðkomandi flutningur fer fram í útvarps- eða sjónvarpsútsendingu eða er upptaka.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 122, 17.5.1991, bls. 42. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 93/98/EBE (Stjótið. EB L 290, 24.11.1993, bls. 9).

2. Aðildarríkin skulu kveða á um rétt sem tryggir að notandi greiði með eingreiðslu sanngjarna þóknun ef hljóðrit, sem gert er í hagnaðarskyni, eða fjölföldun þess er notað í þráðlausri útsendingu, eða miðlað með öðrum hætti til almennings og sjá til þess að þóknunin skiptist milli listflytjenda og framleiðenda hljóðrita sem í hlut eiga. Sé enginn samningur í gildi milli listflytjenda og framleiðenda hljóðrita geta aðildarríkin mælt fyrir um með hvaða hætti skipting þessi fari fram.

3. Aðildarríkin skulu kveða á um einkarétt til handa útvarpsstofnunum til að heimila eða banna þráðlaust endurvarp á útsendingum þeirra, eða miðlun til almennings með öðru móti, fari slíkt fram á stöðum sem almenningur hefur aðgang að gegn greiðslu aðgangseyris.

9. gr.

Dreifingarréttur

1. Aðildarríkin skulu kveða á um einkarétt til að miðla til almennings, með sölu eða öðru móti, því efni sem tilgreint er í a- til d-lið, þ.m.t. afritanir, hér á eftir nefndur „dreifingarréttur“:

- a) til listflytjenda vegna upptöku á flutningi,
- b) til framleiðenda hljóðrita vegna hljóðrita þeirra,
- c) til framleiðenda frumupptakna kvikmynda þegar um er að ræða frumrit og afritanir verka þeirra,
- d) til útvarpsstofnana vegna upptöku á útsendingum þeirra eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 7. gr.

2. Dreifingarréttur tæmist ekki innan Bandalagsins þegar um er að ræða efni, sem um getur í 1. mgr., nema réttihafi annist fyrstu sölu á slíku efni innan Bandalagsins eða það sé gert með samþykki hans.

3. Dreifingarréttur skal vera með fyrirvara um einstök ákvæði í I. kafla, einkum 2. mgr. 1. gr.

4. Heimilt er að yfirfæra eða framselja öðrum dreifingarrétt eða semja um nýtlejfi.

10. gr.

Takmarkanir á réttindum

1. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um takmarkanir á réttindum, sem um getur í þessum kafla, sé um að ræða:

- a) einkanot,

- b) notkun á stuttum köflum í tengslum við fréttaflytning af dægurmálum,

- c) upptöku hjá útvarpsstofnun til skamms tíma með eigin búnaði og vegna eigin útsendinga,

- d) notkun við kennslu eða vísindarannsóknir eingöngu.

2. Þrátt fyrir 1. mgr., er aðildarríki heimilt að kveða á um sams konar takmarkanir á vernd til handa listflytjendum, framleiðendum hljóðrita, útvarpsstofnunum og framleiðendum frumkvikmyndaverka og kveðið er á um vegna verndunar höfundarréttar bókmennta- og listaverka. Þó er einungis heimilt að kveða á um skyldubundin nýtlejfi að því marki sem slíkt brýtur ekki í bága við Rómarsamninginn.

3. Takmörkunum, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal aðeins beitt í tilteknum sértilvikum sem stríða ekki gegn eðlilegri hagnýtingu efnisins og skerða ekki með ósanngjörnum hætti lögmæta hagsmuni rétthafa.

III. KAFLI

SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

11. gr.

Beiting með tilliti til tímamarka

1. Tilskipun þessi gildir um öll verk sem njóta höfundarréttarverndar, flutning, hljóðrit, útsendingar og frumupptökur á kvikmyndum, sem um getur í tilskipuninni og njóta enn verndar samkvæmt lögum aðildarríkjanna um höfundarrétt og skyld réttindi 1. júlí 1994 eða uppfylla skilyrði um vernd samkvæmt tilskipuninni á þeim degi.

2. Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um alla nýtingu sem á sér stað fyrir 1. júlí 1994.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að litið sé svo á að rétthafar hafi veitt leyfi til leigu eða útláns á efni sem getið er um í a- til d-lið 1. mgr. 3. gr. ef sýnt er fram á að þriðju aðilar hafi fengið afnot af því fyrir 1. júlí 1994. Þó er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um að rétthafar eigi rétt á hæfilegri þóknun vegna leigu eða útláns á þessu efni, einkum ef um stafræna hljóðritun er að ræða.

4. Aðildarríki þurfa ekki að beita ákvæðum 2. mgr. 2. gr. gagnvart kvikmyndaverkum eða hljóð- og myndmiðlaverkum sem eru gerð fyrir 1. júlí 1994.

14. gr.

5. Með fyrirvara um 3. mgr. og 7. mgr., skal tilskipun þessi ekki hafa áhrif á samninga sem gerðir voru fyrir 19. nóvember 1992.

Niðurfelling

6. Aðildarríkjunum er heimilt, með fyrirvara um ákvæði 7. gr., að kveða á um að ef réttthafar, sem öðlast ný réttindi samkvæmt innlendum ákvæðum sem samþykkt eru til að framfylgja ákvæðum þessarar tilskipunar, hafa fyrir 1. júlí 1994 veitt samþykki fyrir nýtingu sé litið svo á að þeir hafi yfirfært þennan nýja einkarétt.

Tilskipun 92/100/EBE er hér með felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi frest til að lögleiða tilskipanirnar, sem eru tilgreindar í B-hluta I. viðauka. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

15. gr.

7. Þegar um er að ræða samninga sem gerðir voru fyrir 1. júlí 1994 skal rétturinn til sanngjarnrar þóknunar, sem ekki er unnt að afsala sér, og kveðið er á um í 5. gr., einungis gilda ef höfundar eða listflytjendur eða fulltrúar þeirra hafa lagt fram beiðni þess efnis fyrir 1. janúar 1997. Hafi enginn samningur verið gerður við réttthafa um upphæð þóknunarinnar, geta aðildarríkin ákveðið upphæð sanngjarnrar þóknunar.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

12. gr.

Samband milli höfundarréttar og skyldra réttinda

Vernd réttinda, sem eru skyld höfundarrétti, samkvæmt þessari tilskipun, skal ekki skerða eða hafa á neinn hátt áhrif á vernd höfundarréttar.

16. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

13. gr.

Gjört í Strassborg 12. desember 2006.

Miðlun

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

Fyrir hönd ráðsins,

J. BORRELL FONTELLES

M. PEKKARINEN

forseti.

forseti.

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun ásamt síðari breytingum á henni

Tilskipun ráðsins 92/100/EBE (Stjtið. EB L 346, 27.11.1992, bls. 61)	
Tilskipun ráðsins 93/98/EBE (Stjtið. EB L 290, 24.11.1993, bls. 9)	Eingöngu 2. mgr. 11. gr.
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB (Stjtið. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10)	Eingöngu 1. mgr. 11. gr.

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 14. gr.)

Tilskipun	Frestur til að leiða í landslög
92/100/EBE	1. júlí 1994
93/98/EBE	30. júní 1995
2001/29/EBE	21. desember 2002

II. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 92/100/EBE	Þessi tilskipun
1. mgr. 1. gr.	1. mgr. 1. gr.
2. mgr. 1. gr.	Inngangsorð og a-liður 1. mgr. 2. gr.
3. mgr. 1. gr.	b-liður 1. mgr. 2. gr.
4. mgr. 1. gr.	2. mgr. 1. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 2. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 3. gr.
Fyrsti undirliður 1. mgr. 2. gr.	a-liður 1. mgr. 3. gr.
Annar undirliður 1. mgr. 2. gr.	b-liður 1. mgr. 3. gr.
Þriðji undirliður 1. mgr. 2. gr.	c-liður 1. mgr. 3. gr.
Fyrsti málslíður fjórða undirliðar 1. mgr. 2. gr.	d-liður 1. mgr. 3. gr.
Annar málslíður fjórða undirliðar 1. mgr. 2. gr.	c-liður 1. mgr. 2. gr.
2. mgr. 2. gr.	2. mgr. 2. gr.
3. mgr. 2. gr.	2. mgr. 3. gr.
4. mgr. 2. gr.	3. mgr. 3. gr.
5. mgr. 2. gr.	4. mgr. 3. gr.
6. mgr. 2. gr.	5. mgr. 3. gr.
7. mgr. 2. gr.	6. mgr. 3. gr.
3. gr.	4. gr.
4. gr.	5. gr.
1–3. mgr. 5. gr.	1–3. mgr. 6. gr.
4. mgr. 5. gr.	—
6. gr.	7. gr.
8. gr.	8. gr.
Inngangsorð og lokaorð 1. mgr. 9. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 9. gr.
Fyrsti undirliður 1. mgr. 9. gr.	a-liður 1. mgr. 9. gr.
Annar undirliður 1. mgr. 9. gr.	b-liður 1. mgr. 9. gr.
Þriðji undirliður 1. mgr. 9. gr.	c-liður 1. mgr. 9. gr.
Fjórði undirliður 1. mgr. 9. gr.	d-liður 1. mgr. 9. gr.
2., 3. og 4. mgr. 9. gr.	2., 3. og 4. mgr. 9. gr.
1. mgr. 10. gr.	1. mgr. 10. gr.
Fyrsti málslíður 2. mgr. 10. gr.	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 10. gr.
Annar málslíður 2. mgr. 10. gr.	Önnur undirgrein 2. mgr. 10. gr.
3. mgr. 10. gr.	3. mgr. 10. gr.
1. og 2. mgr. 13. gr.	1. og 2. mgr. 11. gr.
Fyrsti málslíður 3. mgr. 13. gr.	Fyrsta undirgrein 3. mgr. 11. gr.
Annar málslíður 3. mgr. 13. gr.	Önnur undirgrein 3. mgr. 11. gr.
4. mgr. 13. gr.	4. mgr. 11. gr.
5. mgr. 13. gr.	—
6. mgr. 13. gr.	5. mgr. 11. gr.
7. mgr. 13. gr.	6. mgr. 11. gr.

Tilskipun 92/100/EBE	Þessi tilskipun
8. mgr. 13. gr.	—
9. mgr. 13. gr.	7. mgr. 11. gr.
14. gr.	12. gr.
1. mgr. 15. gr.	—
2. mgr. 15. gr.	13. gr.
—	14. gr.
—	15. gr.
16. gr.	16. gr.
—	I. viðauki
—	II. viðauki